

Fundargerð

Stjórnar foreldrafélags Grunnskólans á Seltjarnarnesi, sem fram fór mánudaginn 2. maí 2016 kl. 17 í Mýrarhúsaskóla.

Mættir f.h. stjórnar foreldrafélagsins: Svana M. Davíðsdóttir formaður, Sonja Bergmann, Guðrún Karlsdóttir, Ólafía Harðardóttir, Davíð Scheving og Garðar Gíslason.

Fjarverandi: Helga Sverrisdóttir, Katrín Magnúsdóttir og Hervör Pálsdóttir (sem er hætt í stjórn).

Fundarstjóri: Svana M. Davíðsdóttir

Fundarritari: Svana M. Davíðsdóttir

1. Vorhátíð

- a. Útitími sem foreldrafélagið sér um frá kl. 9:15-11:30
- b. Búið að fá tilboð frá Skátalandi. Leist best á þá. Þeir eru með hoppukastala (Angry Birds), fótboltaspil og teygjuhlaup – 110 þús fyrir allt. Guðrún og Ólafía sjá um að panta og ganga endanlega frá.
- c. Vatnaboltarnir rándýrir og ganga seint fyrir sig. Ákveðið að gera það ekki núna.
- d. Loftboltar – 25 þús klukkustundin – tveir tímar 50 þús. – Ákveðið að gera það. Guðrún og Ólafía sjá um að panta og ganga endanlega frá. Samtals 160 þús (kastali, fótboltaspil, teygjuhlaup og loftboltar)
- e. Pulsur – síðast kostuðu þær ca. 120 þús (ca. 700 stykki – var allt of mikið) – Ólína og Guðrún panti og sæki. Allt frá SS. Muna líka brauð, tómát, sinnep, steiktan og remó.
- f. Grill – Garðar tékkar á því og græjar gas og kemur þessu upp – Davíð og Garðar grilla
- g. Dótakassi – koma með allt mögulegt að heiman frá okkur – tennisspaði, sippuband, snúsnúband, brennóbolti, körfubolti
- h. Athuga hvort bærinn á eitthvað – Guðrún skoðar það.
- i. Sendum út skjal á bekkjarfulltrúa í Mýró til að fólk geti raða sér á vaktir – Ólafía og Guðrún sjái um að búa til Google docs skjal og texta í bréf til að senda á bekkjarfulltrúana og senda það á Svönu. Svana sendir á bekkjarfulltrúana með tveggja vikna fyrirvara.
- j. Svana útbýr bréf til foreldra þar sem vorhátíðin er kynnt og foreldrar boðnir velkomnir – Sendir út póst á þá með ca. 2 vikna fyrirvara. Senda dagskrána með.

2. Lokaball 10. bekkjar

Útskriftarmatur í Félagsheimili fyrir 10. bekk sem foreldrafélagið sér um. Matur frá Veislunni – 250.000 ca. Ákveðið að Svana ræði á fundinum á morgun með Margréti í Selinu og fulltrúum nemendafélagsins hvort við ættum að breyta þessu og gera næst eitthvað annað fyrir alla nemendur í staðinn. Sjálfsagt að styrkja þetta áfram. Hins vegar ósanngjarnt að 7., 8. og 9. bekkur fái ekki neitt en allt fari í eina hátíð í 10. bekk. Segja frá fyrirhuguðu breyttu skipulagi varðandi þetta á næsta aðalfundi.

3. Beiðni um styrk vegna Reykjarferðar

Barst beiðni frá Fjólu f.h. barnanna í 6. bekk um hvort foreldrafélagið vildi styrkja 6. bekk um aðganginn í Reykholti – 22.500 kr. – lokaferð – Fallist á að gera það. Ólafía svarar beiðninni.

4. Aðalfundur í maí

Rætt stuttlega um skipulag aðalfundar. Davíð verði ritari, Helga fundarstjóri. Ólafía upplýsti að hún vildi hætta. Skorað á hana að halda áfram. Tekur sér frest til morguns til að svara.

Helga vill hætta og Hervör er hætt. Þurfum því a.m.k. tvo nýja inn í stjórn. Ákveðið að hvert og eitt okkar tali við einn og hvetji til að mæta á aðalfund og bjóða sig fram.

Rætt um uppsetningu á aðalfundi. Gæti komið vel út að raða öllum í hring. Skoðum það út frá fjöldanum sem áætlað er að mæti.

Davíð býr til event á fb og kannar mætingu á fundinn.

5. Umræður á síðasta skólanefndarfundi

Garðar sagði frá því að samþykktur hefði verið styrkur til Való varðandi útvíkkun á forriti sem notað hefur verið til að greina veikleika og styrkleika nemenda í stærðfræði. Með styrknum er ætlunin að fjármagna samskonar aðferðafræði í öðrum greinum. Er mjög til bóta. Skólanefnd ákvað að lagt yrði fyrir bæjarstjórn að samþykkja styrkin af fjárheimildum bæjarins.

6. Málefni starfsmanna

Svana fór yfir svör trúnaðarlæknis vegna fyrirspurnar foreldris um heilsufar starfsmanna í skólanum. Ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því að aðbúnaði eða hollustuháttum á vinnustaðnum sé ábótavant með hliðsjón af ábendingunum. Ákveðið að Svana upplýsi foreldrið um niðurstöðuna og telst málinu þar með lokið af hálfu foreldrafélagsins.

7. Sundkennsla

Foreldrafélagið er ekki sátt við svör skólastjórans um að það sé orðið of seint að gera eitthvað fyrir þau börn sem ekki hafa fengið fullnægjandi sundkennslu í vetur (a.m.k. 2. og 3. bekkur. Óvíst hver staðan er í hinum árgöngunum). Ákveðið að Svana sendi póst á skólastjóra og tjái hug félagsins. Af hverju er það of seint? Væri hægt að bæta við 4 tímum á tveimur vikum fyrir hvort árgang t.d. Bjóða þeim sem vilja fá aukatíma. Finna lausn á þessu. Skólinn þurfi að skoða hvað veldur því að ekki helst á íþróttakennurum. Rætt hver hafi eftirlit með þessu og hver ætti að taka út hverjir eru syndir? Ekki sundkennarinn. Rætt um aðkomu fræðslufulltrúa að málinu – væri hægt að bjóða upp á í sumarsundnámskeið til að laga þetta.

8. Skólaráðsfundur

Næsti fundur skólaráðs verður á mánudaginn í næstu viku. Þurfum að ræða sundmálið, vorhátíðina og tíðar mannabreytingar í íþróttakennslunni. Guðrún mætir með Svönu í stað Davíðs sem verður upptekinn á þessum tíma.

9. Önnur mál

Svana upplýsti að hún hefði haft spurnir af því að Capasent væri búið að skila skýrslu til bæjarins vegna úttektar á Skjóli/Fristund. Ákveðið að Svana óski eftir að fá aðgang að skýrslunni frá bænum.

Ákveðið að Svana ræði við EN v/mögulega úrvinnslu í tengslum við þingið um jákvæð samskipti.

Dagsetning fyrir næsta fund var ekki ákveðin.